

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, athafnasvæði í Smiðjuhverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 9. apríl 2002.

Breytingin byggir á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf. Samkvæmt samningnum breytast mörk sveitarfélaganna þannig, að hluti Blesugrófar, 1,04 ha lands í Kópavogi, verður innan marka Reykjavíkur og 2,37 ha lands í Reykjavík verður innan marka Kópavogs. Í breytingunni felst að athafnasvæði í Smiðjuhverfi, sem í staðfestu aðalskipulagi er auðkennt sem svæði fyrir blandaða landnotkun, verslun og þjónustu og iðnað, stækkar til norðurs og austurs að hinum nýju lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Breytt landnotkun kemur í stað opins svæðis og helgunarsvæðis stofnbrauta. Gert er ráð fyrir nýrri gönguleið gegnum umrætt athafnasvæði, frá Reykjnesbraut í austur undir Smiðjuveg inn í Fossvogsdal í vestur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.